

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Ásahreppi, Rangárþingi eystra og Rangárþingi ytra.

Kálfholt 2, í Ásahreppi, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, samþykkti hreppsnefnd Ásahrepps á fundi sínum 15. mars 2011 óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi Kálfholts 2 í Ásahreppi. Breytingin fólst í því að heimilað er að byggja allt að 750 m² hesthús í stað 650 m².

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Forsæti I, Rangárþingi eystra, deiliskipulag fyrir Tjarnir I og II, Jónshús og Forsæti I og Fljótsbakka I og II.

Í samræmi við 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra þann 8. apríl 2010, deiliskipulag að Forsæti I í Rangárþingi eystra. Deiliskipulagið tekur til íbúðarhúsa og útihúsa.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Sámsstaðir, Rangárþingi eystra, deiliskipulag frístundabyggðar.

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra þann 2. september 2010, tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Sámsstaða. Deiliskipulagið tekur til 33 ha svæðis og er gert ráð fyrir 26 húsum á 16 lóðum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Smáratúni, Rangárþingi eystra, breyting á gildandi deiliskipulagi.

Í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra þann 14. apríl 2011, tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi frístundasvæðis í Smáratúni. Breytingin felst í því, að rýmkaðir eru byggingarskilmálar fyrir lóð A-3, stækkun á lóðum B-2 og B-4 og lóð A-1 verður íbúðarhúsalóð.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Bakkasel, Rangárþingi ytra, deiliskipulag frístundasvæðis úr landi Efra-Sels.

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 11. febrúar 2011, tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í Bakkaseli, sem er úr landi Efra-Sels. Deiliskipulagið tekur til 10 ha lóðar með 4 byggingarreitum fyrir frístundahús, gestahús og skemmu.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Efra-Sel, Rangárþingi ytra, deiliskipulag frístundasvæðis.

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 26. maí 2010, deiliskipulag frístundasvæðis í landi Efra-Sels. Deiliskipulagið tekur til fjögurra lóða þar sem verður heimilt að byggja frístundahús og gestahús.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Veiðivötn, Rangárþingi ytra, deiliskipulag þjónustusvæðis við Tjaldvatn.

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 7. apríl 2011, deiliskipulag þjónustusvæðis við Tjaldvatn, Veiðivötnum. Nýtt deiliskipulag gerir ráð fyrir, auk þeirra húsa sem fyrir eru, 3 nýjum gistiskálum og skemmu fyrir vélar og tæki og gistiaðstöðu fyrir starfsfólk.

Við gildistöku nýs deiliskipulags fellur eldra skipulag úr gildi frá 6. júlí 1998.
Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 10. júní 2011.

F.h. Ásahrepps, Rangárþings eystra og Rangárþings ytra,

Rúnar Guðmundsson,
skipulagsfulltrúi Rangárþings bs.

B-deild – Útgáfud.: 27. júní 2011